

6. maí 2011

Greinargerð

vegna umsóknar um starfsleyfi til 1500 tonna framleiðslu af laxi í sjókvíum í Fossfirði

Fyrirtækið Fjarðalax ehf hóf laxeldi í Tálknafirði árið 2010, þegar fyrirtækið keypti fiskeldisrekstur frá fyrirtækinu Þóroddi ehf á Tálknafirði. Starfsmenn Fjarðalax ehf búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á eldi í sjókvíum og umhverfisskilyrðum til sjókvíaeldis á svæðinu en fyrirtækið er nú með 12 menn í vinnu við eldið. Fjarðalax hefur einnig staðið fyrir allvíðamiklum umhverfisránsóknum í Arnarfirði á árunum 2010 og 2011 og hefur þannig stuðlað að aukinni þekkingu sem styrkir frekar sjálfbæra nýtingu á Fossfirði til fiskeldis.

Hér er gerð grein fyrir væntanlegri starfsemi samkvæmt 10. grein í reglugerð nr. 785/1999.

a) Lýsing á umfangi og upprætti af staðsetningum.

Gerð var grein fyrir umfangi laxeldisins og staðsetningu sjókvía í tilkynningu til Skipulagsstofnunar 10. febrúar 2011 og er hér vísað til þeirrar tilkynningar (viðhengi 1). Þar kemur m.a. fram að framkvæmdin verður byggð upp í tveimur þrepum. Á árinu 2011 verða sett allt að 500 þúsund laxaseiði í sjókvíar og árið 2014 er áætlað að setja 1.000 þús laxaseiði og verður hámarks lífmassi þá um 3000 tonn veturinn 2015/2016.

Eftir að tilkynning var send til Skipulagsstofnunar hefur verið ákveðið að gera tilraun með að blása fóðri frá landstöð, staðsettri á stöndinni í Dufansdal, út í eldiskvíar sem verða staðsettar 500 m frá landi. Þessi framkvæmd er gerð í tilraunaskyni með það að markmiði að tryggja enn frekar umhverfisvænan og sjálfbæran rekstur. Með þessu fyrirkomulagi er mögulegt að fóðra fiskinn með rafmagni og þannig hægt að minnka þörf á siglingum og þar með notkun á díselolífu við framkvæmd laxeldisins. Notkun á landstöð við fóðrun mun ekki hafa nein áhrif á fóðurnotkun eða framkvæmdina að öðru leiti og hefur því ekki áhrif á ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu (samtal við Þórodd Þóroddsson, 6. maí 2011). Gerður hefur verið leigusamningur við landeigendur í Dufansdal vegna staðsetningar fóðurstöðvar (viðhengi 2). Byggingarnefnd Vesturbyggðar hefur samþykkt beiðni um stöðuleyfi fyrir fóðurstöð þann 26. apríl s.l. (viðhengi 3) og bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur fjallað um málið og staðfest fundargerðina þann 27. apríl s.l. (<http://www.vesturbyggd.is/stjornsysla/fundargerdir/skra/864/>).

b) Afrit af deiliskipulagi (á ekki við)

Framkvæmdin munu fara fram í sveitarfélaginu Vesturbyggð. Eldiskvíar eru staðsettar meira en 120 metra fjarlægð frá fjöruborði og eru því utan skipulagssvæðis sveitarfélaga. Stöðuleyfi fyrir fóðurstöð hefur verið veitt til eins árs frá 26. apríl 2011. Stefnt er að því að ljúka undirbúningi fyrir deiliskipulag fyrir næstu áramót og að samþykkt deiliskipulag liggi fyrir þegar gildistími stöðuleyfis rennur út.

c) *Lýsing á staðháttum á vinnslustað (skilið sem framleiðslusvæði).*

Vitnað er til umsóknar til Skipulagsstofnunar vegna lýsingar á staðháttum á framleiðslusvæðum á sjó (viðhengi 1).

d) *Upptalning á hráefnum og hjálparefnum.*

Til fóðrunar á laxinum verður notað þurrfóður framleitt úr viðurkenndum leyfilegum hráefnum s.s. fiskimjöl, fiskilýsi, repjólía, plöntumjöl, snefilefni og vítamín. Heildarmagn fóðurs til framleiðslu á 4500 tonnum af laxi yfir þriggja ára tímabil er áætlað 5.127 tonn. Áætlað er að fóðrið innihaldi að meðaltali 39% af próteini, 31% fitu og 13% kolvetni. Seiðin verða bólusett fyrir öllum algengum bakteríusjúkdómum og því er ekki ráðgert að nota lyf við framleiðsluna.

Önnur hjálparefni eru eldsneyti á báta, bíla og lyftara.

e) *Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í umhverfið.*

Gerð er grein fyrir lífrænum úrgangsefnum frá laxi eldiskvíum í tilkynningu til Skipulagsstofnunar (viðhengi 1).

Fjarðalax hefur gert samstarfsamning um fyrirtækið Klofning ehf (sjá í viðhengi 1), sem hefur starfsaðstöðu að Standgötu 27 á Tálknafirði til að frysta lífrænan úrgang í dýrafóður (starfsleyfi nr: IS-A144). Slappur fiskur og dauðvona er fjarlægður daglega frá yfirborði eldiskvíar og dauður fiskur er fjarlægður minnst þrisvar í viku frá botni eldiskvíar. Þessi fiskur er allur sendur til Tálknafjarðar til frystingar í dýrafóður.

Ráðgert hefur verið að meltugera hráefni sem ekki stenst kröfur fyrir dýrafóður. Reynsla frá Tálknafirði síðasta árið sýnir að allur dauður fiskur er nægjanlega ferskur til að nýtast í dýrafóður og ekki er þörf á að meltugera hráefni. Með sömu starfsaðferðum um tíðni söfnunar á dauðum fiski er ekki þörf á að meltugera lífrænt hráefni.

f) *Lýsing á mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra losun út í umhverfið.*

Allar eldiskvíar verða útbúnar með norska kerfinu „Liftup“ (www.liftup.no), eins og áður greinir. Með slíku kerfi er dauðum fiski og fóðurleyfum lyft upp í affallskassa á yfirborði, með hjálp loftdælu. Kerfið dregur úr lífrænu álagi á eldissvæðið og veitir mikilvægar upplýsingar um afföll og fóðurleifar. Áætlað er að uppsafnaðar fóðurleifar verði óverulegar enda markmiðið að hámarka fóðurnýtingu. Þó verður ekki hjá því komist að tímabundið geti orðið lítilsháttar fóðurleifar.

g) *Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.*

Í undirbúningi er vöktunaráætlun sem unnin er í samráði við Náttúrustofu Vestfjarða. Þar er um að ræða vöktun á hugsanlegum áhrifum af botnfalli á botndýralíf og lífræn næringarefni á sjávarbotni undir og í nágrenni eldissvæða. Vöktunaráætlun verður send til Umhverfisstofnunar þegar hún liggur fyrir.

h) Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.

Fyrirtækið skráir skipulega hráefnanotkun og úrgangsefni í samræmi við reglugerð nr 851/2002 og færir grænt bókhald. Fyrirhugað er að taka upp vottað umhverfisstjórnunarkerfi, sem verður unnið í samstarfi við fyrirtækið Umhverfissráðgjöf Íslands í Borgarnesi (www.umis.is).

i) Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs og lýsing á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs.

Við framkvæmd laxeldis verður beitt bestu fánlegri tækni (BAT). Í tilkynningu til Skipulagsstofnunar er lýst hvernig er markvisst komið í veg fyrir uppsöfnun úrgangs og hvernig úrgangur er endurnýttur í dýrafóður. Fóðursekkir undan þurrfóðri verða sendir til endunýtingar í Sorpu í Reykjavík.

j) Lýsing á tegund og magni úrgangs.

Magn á botnfall frá fiskeldiskvíum er útskýrt í tilkynningu til Skipulagsstofnunar. Áætlað er að 7% af öllum seiðum drepist yfir 20 mánaða eldistíma, eða alls um 70 þús. laxar þegar eldisstöðin verður fullbyggð. Erfitt er að áætla lífmassa á þessum fiski. Ef áætlað er að um 70% af afföllum komi fram fyrstu 6 mánuðina þá er ráðgert að 100 tonn af dauðum og slöppun fiski verði fryst í dýrafóður.

Tómir fóðursekkir er annar úrgangur sem fellur til við framleiðsluna. Fóður er flutt til svæðisins í 600 kg trefjaplastsekkjum. Samtals eru því fluttir 6.300 stk af fóðursekkjum til svæðisins. Þessi fóðursekkir verða fluttir til Sorpu í Reykjavík til förgunar.

k) Lýsing á öðrum ráðstöfunum í samræmi við 14. grein í reglugerð um starfsleyfi

Starfsemi Fjarðalax byggir á fiskeldisstarfsemi sem hefur staðið yfir frá árinu 2004, þegar fyrirtækið Þóroddur var stofnað. Starfsemi Fjarðalax og Þórodds verður ekki aðskilin. Í 14. gr í reglugerð nr 785/1999 fjallar um nýjan atvinnurekstur og á ekki við í þessu tilvik. Þá er í 14. grein fjallað um samþættingu mengunarvarna og mengun á einu svæði hafi ekki í för með sér mengun á öðru svæði. Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir aðföngum og losun út í umhverfið.



Jón Örn Pálsson
svæðisstjóri

Viðhengi:

- 1) Tilkynning til Skipulagsstofnunar um 1500 tonna laxeldi í Fossfirði. Dagsett 10. feb 2011
- 2) Leigusamningur um land fyrir fóðurstöð í Dufansdal. Dagsettur 12. apr 2011
- 3) Fundargerð frá fundi í Byggingar- og skipulagsnefnd Vesturbyggðr. Dagsett 26. apr 2011